Mánudaginn 23. apríl, 1934.

Nr. 19/1934. **Réttvísin** (Th. B. Lindal)
gegn
Þorsteini Jónssyni (Pétur Magnússon).

Brot g. 134., sbr. 145. og 255. gr. h. alm. hegningarl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 6. dez. 1933: Ákærður, Þorsteinn Jónsson, sæti betrunarhússvinnu í 16 mánuði. Hann greiði Valtý Blöndal, f. h. Landsbanka Íslands, kr. 74,444,24 í skaðabætur, með 5% ársvöxtum frá 5. dezember að telja, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Frá upphæð þeirri, kr. 74444,24, sem ákærða er gert að greiða í hinum áfrýjaða dómi til Landsbanka Íslands þykir eiga að draga kr. 252,55. Er það hluti af árgjaldi Ólafs Sveinssonar til veðdeildar bankans 1931, er ákærði að vísu skráði greitt í bækur veðdeildarinnar, en hafði þó aldrei veitt móttöku. Verður skaðabótaupphæðin samkvæmt þessu kr. 74191,69.

Ákærði hefir með brotum þeim, er lýst er í hinum áfrýjaða dómi, gerzt brotlegur samkvæmt 134., sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga og 255. gr. sömu laga, og þykir refsing hans fyrir þau hæfilega ákveðin samkvæmt áðurnefndum greinum, sbr. 1. málsgr. 34. gr. nefndra laga, 2 ára betrunarhússvinna. Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þorsteinn Jónsson, sæti tveggja ára betrunarhússvinnu. Svo greiði hann Landsbanka Íslands kr. 74191,69 með 5% ársvöxtum frá 5. dez. 1933 að telja. Loks greiði ákærði allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs Líndal og Péturs Magnússonar, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn Þorsteini Jónssyni, bankafulltrúa, Sólvallagötu 7 A, fyrir brot gegn ákvæðum 13., 26. og 27. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Með bréfi 25. september síðastliðinn skýrði stjórn Landsbanka Íslands lögreglunni frá því, að ákærður í máli þessu hefði þá um morguninn játað það fyrir bankastjórninni að hann hefði falsað bækur veðdeildarinnar og dregið sér peninga, sem viðskiptamenn bankans hefðu afhent honum til greiðslu á veðdeildarlánaárgjöldum. Óskaði bankastjórnin að mál þetta yrði tekið til rannsóknar.

Ákærður var nú samstundis tekinn fastur og rannsókn hafin í málinu. Í fyrsta réttarhaldi viðurkenndi ákærður viðstöðulaust að hann hefði um undanfarin ár tekið á móti árgjaldagreiðslum á veðdeildarlánum hjá ýmsum viðskiptamönnum Landsbanka Íslands, en ekki greitt fé þetta til gjaldkera heldur stungið því í sinn vasa, og notað það í sínar eigin þarfir. Kvaðst hann hafa byrjað á þessu um

sumarið 1929, og haldið stöðugt áfram, fram að þeim tíma er hann var tekinn fastur. Kom það þegar í ljós að ákærðum var hvergi nærri full ljóst, hve mikil sú fjárhæð var, sem hann á þenna hátt hafði dregið sér, og ekki mundi hann heldur nema að litlu leyti að greina frá því, hvaða menn það voru, sem höfðu snúið sér til hans með greiðslur. Það þótti því sýnt, að fram þyrfti að fara fullkomin endurskoðun á bókhaldi veðdeildar Landsbanka Íslands til þess að komast fyrir það, með nokkurnvegin ábyggilegri vissu, hve miklu fjárdráttur ákærða næmi og hverjir hefðu greitt árgjöld sín. Með bréfi, dags. 26. september síðastliðinn, var því endurskoðanda Ara O. Thorlacius falið að fara í gegnum bókhald veðdeildarinnar í því skyni að finna út hve miklu fjárdráttur ákærða næmi, hvenær hann hefði byrjað og með hvaða hætti honum hefði tekizt að halda fjárdrættinum leyndum og yfirleitt skyldi endurskoðandinn athuga allt, sem honum kynni að þykja ástæða til að athuga í sambandi við afbrot ákærða.

Endurskoðandinn tók þegar til starfa og hinn 11. okt. síðastliðinn skilaði hann bráðabirgðaskýrslu um málið, en framhalds- og fullnaðarskýrslu skilaði hann 31. október síðastliðinn. Loks samdi hann hinn 23. nóvember skýrslu, er sýndi samanlagðan fjárdrátt ákærða og sundurliðaðan fyrir hvert ár. Þessar þrjár skýrslur fylgja málinu in originali. Til þess að komast fyrir hve miklu fjárdrátturinn nam varð endurskoðandinn að bera saman allar innborganir vaxta og afborgana til veðdeildarinnar við sjóðbækur annarsvegar og hinsvegar við bækur þær, sem haldnar eru yfir lán þau, sem veitt hafa verið úr veðdeildinni, lánabækurnar. Gerði endurskoðandinn því þennan samanburð fyrir tímabilið 1. apríl 1928 til 1. október 1933.

Þessar skýrslur endurskoðandans hafa verið lagðar fyrir ákærðan undir rannsókn málsins. Í fyrstu skýrslunni voru tvær skekkjur, sem endurskoðandinn leiðrétti með bréfi rétt á eftir. Ákærður staðfesti skýrslu endurskoðandans sem rétta, kannaðist við að hafa tekið við greiðslu árgjalda hjá flestum þeim mönnum, sem þar voru nefndir, að vísu kannaðist hann ekki þegar í stað við að hafa átt skipti við alla menn, sem þar voru nefndir, en er mennirnir voru síðar leiddir sem vitni í málinu, þá rifjaðist það að mestu leyti upp fyrir honum.

Samkvæmt skýrslu endurskoðandans virðist fjárdráttur hafa byrjað seint á árinu 1929 og haldið stöðugt áfram fram til þess tíma, er ákærður var tekinn fastur. Árið 1929 hefir ákærður tekið við árgjöldum og dráttarvöxtum að upphæð kr. 1337,46, árið 1930 er upphæðin kr. 16731,81, árið 1931 er upphæðin kr. 27821,14, árið 1932 er upphæðin kr. 20321,61 og loks árið 1933 kr. 15690,28. En samkvæmt skýrslunni er fjárdráttur ákærða á árinu 1933 oftalinn um kr. 76,05, með því að það upplýstist undir prófunum að Halldór Gunnlaugsson hafði ekki greitt ákærðum nema 1100 krónur af árgjaldi því, sem honum bar að greiða. Af þessum upphæðum hefir ákærður þó endurgreitt aftur árgjald nokkurra manna ásamt dráttarvöxtum 27.—31. desember 1930 og 30. desember 1931 samtals kr. 7553,48, svo að samtals hefir ákærður dregið sér af árgjöldum og dráttarvöxtum eftir því sem séð verður kr. 74272,77.

Innborganir þessara árgjalda eru flestar færðar sem greiddar í lánabækur veðdeildarinnar, með rithönd ákærða, en eru ekki innborgaðar til bankans og því ekki færðar í sjóðbækur, en þó voru nokkrar greiðslur, sem hvorki voru innfærðar í lánabækur né sjóðbók, en árgjaldakvittanir fyrir greiðslum þessum vantaði, og komst það því þannig upp, fundust og kvittana afklippur fyrir sumum þessum greiðslum, enda kannaðist ákærður og við þær, sumar að fyrra bragði og aðrar er hann var minntur á þær.

Flestir þeirra manna er greitt hafa ákærðum árgjald, eru menn búsettir í Reykjavík, en nokkrir eru þó utanbæjar. Flest eru þetta kunningjar ákærða og sumt frændur, og hefir hann tekið ár eftir ár við árgjaldagreiðslum af sumum þessara manna.

Allir þeir menn, sem búsettir eru í Reykjavík og til hefir náðst, hafa verið leiddir fyrir rétt út af þessu og auk þess einn maður á Akranesi, í tilefni af tveim greiðslum þaðan. Vel flestir höfðu þessir menn snúið sér til ákærðs með greiðsluna vegna þess, að þeir þekktu hann persónulega. Flestir afhentu honum greiðslur sínar í bankanum, en til nokkurra manna sótti ákærður árgjöldin heim eða á skrifstofur þeirra eftir að hann hafði áður sagt þeim hve mikið þeir skyldu greiða.

Flestum mönnum hefir ákærður gefið kvittanir fyrir

greiðslum sínum og hafa þeir sem mættu í réttinum sýnt kvittanirnar, ef þeir fundu þær hjá sér. Langflestar kvittanirnar eru gefnar út á veðdeildarkvittanaeyðublöð. Eru þær undirskrifaðar af ákærðum einum, á þeim stað sem hann er vanur að skrifa nafn sitt á slíkar kvittanir. En í stað nafns gjaldkera, hefir ákærður venjulegast sett stimpilinn „Landsbanki Íslands Veðdeildin eða Veðdeild Landsbankans". Á einni kvittun sem sýnd hefir verið (til Kristínar Þorvaldsdóttur) skrifar ákærður einn undir. Undir þrjár kvittanir (til Knattspyrnufélags Reykjavíkur) hefir annar bankastarfsmaður G. Thordarson, einnig skrifað nafn sitt. Bankamaður þessi skrifaði nafn sitt undir kvittanir þessar í góðri trú, með því að á þær allar var stimplað „Millifærsla" og taldi hann því að hér væri um millifærslu milli kontoa að ræða, og var þá ekkert athugavert við það þótt hann skrifaði undir kvittunina með ákærðum.

Þrír menn fengu öðruvísi kvittanir hjá ákærðum á venjulegan pappír og tveir í ordsendingarformi frá Landsbankanum. sem stafaði af því, að þessir menn höfðu ekki greitt árgjöld sín að fullu. Ákærður hafði í lánabókum veðdeildarinnar kvittað Ólaf Sveinsson fyrir árgjaldi 1931 af láni nr. 914 í IV. flokki og dráttarvöxtum rúmar 300 krónur. En upp í þetta hafði Ólafur aðeins greitt 50 krónur og gaf ákærður honum kvittun fyrir þessum 50 krónum en taldi hitt til skuldar hjá Ólafi.

Þá hafði Leifur Þorleifsson greitt ákærðum 800 krónur upp í árgjald 1932 og fengið kvittun fyrir þeirri greiðslu hjá ákærðum og Halldór Gunnlaugsson greitt honum 1100 krónur upp í árgjald 1932 og fengið kvittun fyrir því hjá ákærðum, en meira höfðu menn þessir ekki greitt. Loks taldi einn maður sig skulda ákærðum 100 krónur af árgjaldi sínu fyrir 1932, en sá maður hafði enga kvittun fengið fyrir greiðslum sínum.

Allir aðrir en þeir, sem að framan getur, af þeim sem yfirheyrðir hafa verið í máli þessu, hafa greitt til ákærða full árgjöld svo sem vera bar. Af flestum greiðslum hefir ákærður og að því er virðist reiknað rétta dráttarvexti ef um dráttarvexti var að ræða, en sumum hefir hann að einhverju leyti gefið eftir dráttarvexti (Elísabetu Foss, Jórunni Guðnadóttur, Stefáni Gunnarssyni, Íþróttahúsinu K. R.).

Venjulegast munu kvittanirnar dagsettar sama dag og

greiðslan fór fram, en þó eru sumar kvittanirnar til Íþróttahúss K. R. dagsettar á öðrum tíma en greiðsla fer fram. Þá er og á tveim kvittunum til Stefáns Gunnarssonar tvennskonar dagsetning 3%—3% 1931. Hefir ákærður enga skýringu getað gefið á því, af hverju það stafar og ekki heldur maður sá, sem innti greiðsluna af hendi fyrir Stefán, sem ekki kveðst hafa veitt þessu eftirtekt.

Ákærðum hefir tekizt að halda fjárdrætti sínum leyndum, með því, að gerðir hans hafa ekki verið endurskoðaðar. Við ársuppgerð veðdeildarinnar samdi ákærður lista yfir útistandandi lán hvers flokks. Niðurstöðutölur listanna hafa stefnt við viðeigandi heildarreikning í aðalbókinni. Við athugun Ara Thorlacius á listum þessum kom það í ljós, að frá og með uppgerð reikningsársins 1929 hafa þessir listar ekki verið samhljóða lánabókinni. Á þessum lista eru árgjöld ýmsra lána talin ógreidd þótt þau séu færð sem greidd í lánabókunum. Ennfremur eru lánaupphæðir, sem alls ekki fyrirfinnast í lánabókunum taldar útistandandi samkvæmt listum þessum. Með þessu fékk ákærður listana til að stemma við aðalbókhaldið. En þessir listar hafa aldrei verið endurskoðaðir af endurskoðunardeild bankans, annars hefði fjárdrátturinn komizt upp.

Þá hefir það orðið upplýst undir rannsókn málsins, að 8. apríl síðastliðinn hefir verið tekið út úr ávísanareikningi 1057 við Landsbankann (veðdeildarárgjöld) kr. 171,47. Árgjaldareikningur þessi er notaður þannig, að þegar árgjaldagreiðsla kemur ekki öll í einu þá er sú upphæð, sem kemur lögð inn á þennan reikning og lánsnúmersins getið við greiðsluna, og er svo tekið út af þessum reikningi þegar ávantandi greiðsla kemur.

Þessi upphæð var hálft árgjald af láni 101 í 9. flokki er tveir menn á Siglufirði höfðu í félagi. Ekki hafði hin úttekna upphæð verið notuð til greiðslu árgjaldsins. Útektarseðillinn er skrifaður með rithönd ákærða og hefir hann kannazt við það, en að öðru leyti kveðst hann ekkert um þetta muna, en telja má víst að ákærður hafi notað fé þetta í sínar þarfir.

Fé því, sem ákærður hefir dregið sér á þann hátt, sem að framan greinir, kveðst hann hafa eytt að miklu leyti í drykkjuskaparóreglu, en auk þess hafi hann allþungu heimili fyrir að sjá.

Svo sem sjá má af framansögðu hefir ákærður verið starfsmaður í Landsbanka Íslands. Ber því næst að athuga, hvort hann geti talizt opinber sýslunarmaður í merkingu 13. kapitula hegningarlaganna.

Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928 er Landsbanki Íslands sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins og ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Bankinn starfar í þremur deildum og er ein þeirra veðdeild, en ákærður var fulltrúi við þá deild. Fyrir bankann og veðdeildina eru settar sérstakar reglugerðir samkvæmt lögum og sem fastur starfsmaður í þjónustu bankans var ákærður skyldur að hlíta fyrirmælum þeirra og ákvæðum um skyldur starfsmanna bankans sbr. VIII. kafla reglugerðar nr. 83, 21. dezember 1928. Samkvæmt þessu þykir því verða að telja ákærðan sýslunarmann í merkingu þeirri, sem orð þetta hefir í 145. grein hegningarlaganna.

Landsbanki Íslands hefir gert kröfu til þess fyrir sína hönd og annara þeirra, sem hér eiga hlut að máli, að ákærður verði dæmdur til að endurgreiða kr. 74987,62, ásamt 6% vöxtum frá þeim tíma er hver einstök upphæð komst í vörzlu hans.

Þar sem það er upplýst í málinu að Leifur Þorleifsson hefir ekki greitt ákærðum nema 800 krónur upp í árgjald 1933 og Halldór Gunnlaugsson hefir ekki greitt honum nema 1100 krónur, þá þykir rétt að draga frá upphæð þeirri, sem bankinn gerir kröfu til kr. 543,38, sem eru eftirstöðvar af árgjöldum þessara manna, sem ákærður hefir hvorki tekið við né kvittað fyrir. En að því er snertir aðra þá, er hér eiga hlut að máli, þá verður ekki séð að Landsbanki Íslands hafi umboð til að gera skaðabótakröfu þeirra vegna og koma því skaðabótakröfur, sem aðrir en Landsbanki Íslands kunna að eiga á hendur ákærðum ekki til greina hér.

Hinsvegar verður að dæma ákærðan til að greiða Valtý Blöndal fyrir hönd Landsbanka Íslands kr. 74444,24 með 5% vöxtum frá þeim degi, sem krafan kemur fram.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. apríl 1887. Honum hefir ekki verið refsað áður fyrir nokkurt afbrot. Hann hefir setið í gæzluvarðhaldi frá 25. september síðastliðinn til þessa dags.

Framantalin afbrot ákærða ber að áliti dómarans að

heimfæra undir 134. sbr. 145. grein hinna almennu hegningarlaga, sbr. 34. gr. 1. mgr. og ennfremur undir 253. gr. sömu laga. Þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið með tilliti til þess hve lengi ákærður sat í gæzluvarðhaldi, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 16 mánuði. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 30. apríl 1934.

Nr. 14/1934. **Lárus Jóhannesson, f. h. Guðmundar Þórarinssonar** (sjálfur)
gegn
Guðbrandi Magnússyni, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins, og Ásgeiri Ásgeirssyni fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs
(Pétur Magnússon).

Endurgreiðslukrafa vegna meintrar ólöglegrar vöruálagningar eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 27. janúar 1934: Stefndir, Guðbrandur Magnússon, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins og Ásgeir Ásgeirsson, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfu stefnanda, Lárusar Jóhannessonar, f. h. Guðmundar Þórarinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess fyrir hæstarétti, *aðallega*, að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum umstefndar kr. 1812,18, með vöxtum, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, en til *vara*, að hin dæmda upphæð verði kr. 1760,55 með 6% ársvöxtum af kr. 47,03 frá 31. dez. 1928 til